

21. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 1. september 2020 í Húppusalnum í Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Borhola 09 á Flúðum

Á fundinn mætti Haukur Jóhannesson jarðfræðingur og ráðgjafi verkefnisins og fór yfir hvernig til hafi tekist varðandi borun á holu 09 á Flúðum. Undir framsögu Hauks sátu fundinn Halldóra Hjörleifsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir. Fram kom hjá Hauki að ýmislegt athyglisvert hafi komið í ljós varðandi jarðfræði svæðisins. Borholan var mynduð sem veitti ýmsar upplýsingar um svæðið. Niðurstaða Hauks er sú að fyrir neðan 420m sé ummyndað berg sem leggst saman á 540m dýpi þannig að innrennsli í 300m er að gefa það vatn sem holan gefur eða um 20-25 sek/l.

Hannibal fór síðan yfir næstu framkvæmdir til að virkja holuna. Lagt er til að leggja rör niður að dæluhúsi og í leiðinni taka holu 06 inn í leiðsluna og smíða síðan nýja skilju fyrir utan dæluhúsið sem myndi standa 2m lægra en núverandi skilja til að auka nýtingu svæðisins.

Veitustjórn þakkar Hauki fyrir góða yfirferð um verkefnið og felur veitustjóra að vinna að hönnun og virkjun holunnar.

2. Hrunaljós.

Lögð var fram niðurstaða verðkönnunar vegna blásturs og tengingar vegna ljósleiðara á Flúðum. Þrír aðilar skiluðu inn verðum og var TRS ehf lögstjóðandi með kr. 7.397.010 með VSK. Veitustjórn felur sveitarstjóra/veitustjóra að ganga til samninga við TRS um verkið.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:05.